

Lykill að skilningi á málflutningi Jóns Sigurðssonar



Ritstjóri nokkur í Kaupmannahöfn, Carl Bille, ásakaði Jón Sigurðsson um að hafa í áraraðir ráðist á Danmörku og Dani á óbilgjarnan hátt og reynt að vekja upp hatur og óánægju Íslendinga gegn því landi sem þeir tilheyrðu. Að gefnu því tilefni skilgreindi Jón stjórnmalastarf sitt svo:

„Ég hef aldrei haft neitt á móti Danmörku eða Dönnum almennt og enn síður ráðist á þá. Aftur á móti hef ég af eigin rammleik reynt að varpa ljósi á samband Íslands og Danmerkur og stuðla að því að taka megi enda sú óstjórn, sem óneitanlega hefur viðgengist og ríkir enn á Íslandi, og allir hafa viðurkennt sem hafa tjáð sig um íslensk málefni í mörg hundruð ár. Að ég sé kominn í andstöðu við núverandi stefnu danskra stjórnvalda í íslenskum málum er rétt, en andstaða mín hefir alltaf verið grundvölluð á nákvæmum rannsóknum og rökum.“ (*Guðjón Friðriksson: Jón Sigurðsson, seinna bindi, bls. 426*).

Í þessari tilvitnun er í hnotskurn lykillinn að skilningi á stjórnmalavafstri Jóns Sigurðssonar. Ekkert minna.

Íslendingar bjuggu lengi við Rentukammer. Þar var stjórnsýslan og óstjórnin sem Jón Sigurðsson gagnrýndi á hispurslausan en kurteisán hátt. Þar voru mál í athugun árum, áratugum og jafnvel öldum saman. En hlustuðu Danir á Jón?

Flest bendir til að svo hafi verið. Þeir báru mikla virðingu fyrir honum, þó uppreisnarmaður væri í augum margra þeirra. Kom þar margt til, einkum þó hversu maðurinn var glæsilegur, starfsamur og geðþekkur fulltrúi þjóðar, sem ekki var almennt hátt skrifuð þar ytra. Hann var viðræðugóður og glaður maður. Það hefur fallið vel í kramið hjá Dönnum.

En hvað ætli Jón okkar forseti hefði sagt um íslensku stjórnsýsluna í dag, sem margir telja ónýta, væri hann á meðal vor? Um það er auðvitað ekki hægt að fullyrða, en ætli hann mundi ekki kannast við stílinn og verkleysið: Málið er í athugun. Við erum að skoða málið. Við gefum því eitt ár og svo sjáum við til. Málið er í rannsókn. Við munum fylgjast með!

Hallgrímur Sveinsson

„Et stykke kasseapparat“

Árið 1997 áttum við viðtal í *Mannlífi og sögu*, 3. hefti, við Böðvar Guðmundsson, fyrrum verslunarstjóra hjá Verslunarfélagi Dýrafjarðar. Þá var hann búsettur í Hafnarfirði og skip hans komið í naust. Böðvar var hafsjór af skemmtilegum fróðleik frá Þingeyrarárunum og ekki vantaði húmorinn. Hér verður gripið ofan í viðtalið þar sem tal okkar berst að peningaskáp sem var fjárhirsla Dýrfirðinga um árabil.

„Hvað fórstu svo að vinna eftir að skólagöngu lauk, Böðvar?“

„Þá fór ég til Nathanaels kaupmanns og vann hjá honum í versluninni Öldu í 11 ár.“

„Nathanael Mósson er merkur maður í sögu Þingeyrar. Hvernig var að vinna hjá honum?“

„Alveg ljómandi gott. Þetta var gæðamaður.“

„Eitthvað sögulegt hefur nú gerst á þessum tíma hjá Nathanael.“

„Ég man vel eftir því atviki, skal ég segja þér, að Nathanael labbaði einu sinni út að kaupfélagi. Þá var einhver þar að opna stóran trékassa með verkfæri sem kallað var Símon kjaftur. Nathanael verður svona ofsalega hrifinn, maður. Svona verkfæri þyrfti hann endilega að fá sér. Þannig að það er sent skeyti til hr. grosser Christian Nielsen, Köbenhavn: Et stykke kasseapparat. Svo kom þetta með síðustu ferð Gullfoss fyrir stríð og þá var það þessi svakalega stóri peningaskápur sem kostaði 300 krónur, en Nathanael fórnaði höndum.

Svo braust stríðið út og þá, skal ég segja þér, fóru að sjást peningar. Þá var sparísjóðurinn í vandræðum því hann átti engan peningaskáp. Þeir vissu að Nathanael hafði fengið þennan stóra skáp og hringdu í Ólaf Gíslason og co, sem var umboðsmaður fyrir þessa skápa og spurðu hvað slíkur skápur mundi kosta. Svarið var það, að þeir hefðu margfaldast í verði út af stálinu. Verðið var lágmark 8 þúsund krónur. Sparísjóðurinn keypti skápinn fyrir þá upphæð. Þá var Nathanael ánægður. Og þeir í sparísjóðnum voru ekki síður ánægðir yfir að fá skápinn!“



Við danska peningaskápinn góða hans Nathanaels sem nú er staðsettur í húsi Landsbankans á Þingeyri. Áður í eigu sparísjóðsins. Sjá frásögnina hér að neðan. Gaman er til þess að vita þegar menn tengja saman gamla og nýja tímann á þennan hátt. Til vinstri er hún Sóley gjaldkeri og til hægri Steinn Ingi aðstoðarbanksstjóri á Ísafirði. Ljós. H. S.

Einn góður úr Ketildalahreppi Ráðskonan

Bræðurnir á Uppsölum, Gísli, Sigurður og Gestur, bjuggu með móður sinni meðan hennar naut við. Ung ráðskona var fengin henni til aðstoðar eitt sumar. Helst þótti Sigurður gera hosur sínar grænar fyrir stúlkunni. Eitthvað fór þó lítið fyrir dugnaði hans á því sviði, eða þá að hún var ekki mjög tilkippileg, og var hún horfin til síns heima að hausti. Gísli varð þá að orði:

„Ég skil ekkert í honum Sigga að reyna ekki betur að halda í stúlkuna, eins og hún bjó til góðan rauðgraut.“

(Úr vestfirsku þjóðsagnaarfnum)

Einn góður úr Mýrahreppi Úr heita pottinum á Þingeyri

Í heita pottinum á Þingeyri og við kaffiborðið hjá henni Tobbu er umræða dagsins bæði skemmtileg og fræðandi. Stundum eru jafnvel upplestrar af ýmsu tagi og svo mæla menn af munni fram. Þar eru margir kallaðir og ýmsir útvaldir. Og allir fá að njóta sín í góðum félagsskap. Valdimar á Mýrum tók til dæmis svo til orða um daginn:

Þórarinn Sighvatsson á Höfða var snillingur. Átti fáa eða enga sína líka. Eitt sinn datt upp úr honum:

„Hann Skúli á Gemlufalli keyrir eins og vitlaus maður. Það er varla að maður komist fram úr honum!“

Gamla myndin:

Knútur Bjarnason á Kirkjubóli staddur við Svalvogahamar

Knútur Bjarnason, bóndi á Kirkjubóli, var einn af þeim mönnum sem var sálarbætandi að hitta og tala við. Hann setti sinn glaðlega og fasta svip á menningarheimilið á Kirkjubóli. Hann var félagslyndur maður, glaður og reifur, fylgdist gjörli með náunganum og kunni vel að segja frá. Húmor og léttleiki einkenndu hann alla tíð. Og ekki hentaði það honum að tala öðruvísi en vel um náungann og er slíkt hygginnna manna háttur.

Það er merkilegt með þessa kalla, gamla bændur og sjómenn. Það kemur þeim yfirleitt fátt á óvart. Þeir eru samgrónir landinu og sjónum á sinn hátt og vita einhvern veginn alltaf hvernig á að bregðast við ýmsum upþákomum. Þess vegna eru þeir salt jarðar. En ef saltið dofnar, með hverju á þá að selta það?

Enn sjást í fjörunni síðustu leifarnar úr breska togaranum Langanesi, sem strandaði við Hamarinn 8. febrúar 1935. Það er mesta sjóslys sem vitað er um í Dýrafirði. (Sjá frásögn Guðmundar Friðgeirs Magnússonar í *Mannlífi og sögu*, 2. hefti).

Ljósm. H. S.



Vefritið Vestfjarðatíðindi

Vefritið Vestfjarðatíðindi, sem er málgagn Vestfirskra forlagsins, er ætlað öllum þeim er unna Vestfjörðum á einhvern hátt. Því er ætlað að kynna mannlíf og sögu kynslóðanna á þessum hluta landsins, sem sumir telja óbyggilegan. Er það sams konar efni og Vestfirskra forlagið hefur birt í útgáfubókum sínum og ritum, sem nú eru orðin um 300 talsins. Auk þess fjallar vefritið um ýmis mál sem eru efst á baugi í þjóðfélaginu. Sumt af efni þess hefur áður birst á Þingeyrarvefnum.

Blaðið kemur fram á sínum eigin forsendum og er engum háð.



Vestfirskra forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is
www.vestfirskra.is

Við þurfum jafnvægi í byggð landsins og ekkert múður Vilhjálmur!

Sparisjóðirnir voru akkeri byggðanna. Þeir voru nokkurs konar samfélagsbankar ef mönnum leyfist að nota það orð. Þar stjórnðu heimamenn öllu innan stokks. Aðalfundur einu sinni á ári. Spilin lögð á borðið. Þegar ekki var hægt að fá fimmeyring í stóru bönkunum, þá lánuðu sparisjóðirnir sínu heimafólki, til dæmis þegar menn voru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Peningar fólksins sjálfs voru í vinnu heimafyrir. Það var ekki um að tala að stóru bankarnir vildu lána fólki út á íbúðarhús í einhverjum krummaskuðum. Þetta er okkur minnisstætt. Allur hagnður sparisjóðanna fór í uppbyggingu í heimahéraði. Það var mikil handvömm þegar við glopruðum flestum þeirra niður. Erum að bíta úr nálinni með það þessi misserin.

Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt og alþingismaður, Hornstrendingur í einn kantinn, skrifar stundum flottar greinar í Moggann. Þær er oft gaman að lesa. Um daginn skrifar hann um Samfélags hvað? Samfélagsbanki miðlar gæðum til gæðinga segir Villi. Hann heldur að slík stofnun muni gefa vondu köllunum peninga og ekki vera rekinn með hagnað í huga.

Kollegi Vilhjálms, Gísli Guðmundsson, fann upp hugtakið Jafnvægi í byggð landsins fyrir mörgum áratugum. Ýmsir höfðu þetta að skotsþæni að ófyrirsynju og hentu jafnvel gaman að. Þetta má vel rifja upp því stór hluti þjóðarinnar vill einmitt slíkt jafnvægi, en ekki bara að allir kúldrist í Stór-Reykjavík. Spyrja má: Væri ekki upplagt að Landsbankinn hefði það hlutverk eitt að stuðla að jafnvægi í byggð landsins? Við eigum öll þennan banka saman, eða svo er sagt. Af hverju ekki að hafa sparisjóðina sem fyrirmynd að slíkri lánastofnun, Vilhjálmur? Hvaða goðgá er það?

Hverju er bankinn að tapa?

Við könnumst við orðið hagræðing. Mikil hagræðing hefur til dæmis orðið innan bankakerfisins með svonefndum Heimabanka. Það vita allir. En þeim sem ekki hafa slíkt apparat í höndum er bara hagrætt út af borðinu. Til dæmis 1/3 íbúanna í Dýrafirði, sem margir eiga háar upphæðir í bankanum sínum.

Fróðir menn segja að vaxtamunur á Íslandi í dag sé 5% til 6%. Jæja. Setjum sem svo að Dýrfirðingar eigi 500 milljónir króna sem Landsbankinn er að sveitast í að ávaxta fyrir þá. Ef við miðum við 5% vaxtamun þá er bankinn að hala inn á Dýrfirðingum 25 milljónir. Ef við miðum við 1000 milljónir, sem er nú satt að segja líklegri tala, er hann að fá 50 milljónir fyrir snúð sinn. Miðað við sömu forsendur og talnaleyf með fyrirvara. Svo segist bankinn tapa á Dýrfirðingum. Gaman væri að sjá það tap sundurliðað. En trúlega fellur það undir svokallaða bankaleynd! Svo er auðvitað mikil þjóðhagsleg hagræðing fólgin í því að aka 100 km leið ef menn vantar skotsilfur. Kannski í snarvitlausu veðri og ófærð. Við sveitamenn höfum ekki gáfur til að skilja slíka ofurhagræðingu. Láti okkur hver sem vill.



Hallgrímur Sveinsson



Bjarni G. Einarsson



Guðmundur Ingvarsson

Hagræðing og hagvöxtur eru skemmtileg orð

Með viku fyrirvara er ákveðið að skella í lás á Þingeyri og reyndar Suðureyri og Bolungarvík líka án þess að tala við nokkurn mann. Svo neyðist bankinn eftirá til að opna eina klukkustund í viku, þegar hann sér hvernig eigendur hans taka á málinu. Láta ekki allt yfir sig ganga. Þetta eru náttúrliga stórmerkilegir starfshættir hjá almannafyrirtæki. Allt í nafni hagræðingar. Já, hagræðing og hagvöxtur. Skemmtileg orð. Skyldi þetta vera arðbært? Það er hin klassíska spurning. En jafnvægi í byggð landsins? Má ekki. Það á að flytja þetta lið eins og það leggur sig á mölina. Miklu ódýrara. Það væri sko hagræðing í lagi!

Enginn banki engin byggð

Það er ekki nokkur maður að tala um að þessi blessaði banki eigi að beygja sig í duftið fyrir einhverja Móhíkana, gamalmenni og útlendinga í fiskvinnslu vestur á fjörðum og gefa þeim peninga. En hann á að sýna þessum eigendum sínum og viðskiptavinum virðingu og koma fram við þá á mannlegan hátt. Hafa opið tvisvar-þrisvar í viku. Og ekkert vesen. Við erum að tala um góða viðskiptavini sem sumir eiga tugi milljóna inni í bankanum sínum. Það hljóta m. a. að vera slíkir hlutir sem menn eiga við með orðinu samfélagsbanki. En ef meiningin er að allir flytji til Reykjavíkur þá þurfum við náttúrliga engan slíkan samfélagsbanka. Enginn banki, engin byggð. Kannski það sé handan við hornið?

Aumingjarnir í krummaskuðunum geta bara farið suður!

Þegar Matthías Bjarnason var viðskiptaráðherra 1986, veitti hann bönkunum harðar átölur vegna hækkana þeirra á þjónustugjöldum. Hann harðbannaði þeim að hækka þau gjöld á almenning. Þá kom verkalýðsforystan og færði kallinum blómvönd. Í dag taka ráðherrar ekki af skarið í einu eða neinu.

Það var aldrei svo lélegt pláss í Villta Vestrinu að ekki væri þar lítilsháttar bankaþjónusta. Og er kannski enn. En vondu kallarnir og kellingarnar úti á landi á Íslandi mega ekki hafa smá bankaholu hjá sér. Nú skal hagræða svo hinir stóru geti orðið stærri. Græða meira og verða ríkari! En aumingjarnir í krummaskuðunum geta bara farið suður.

Úr myndaalbúminu:

Séra Baldur fær bókina um Vatnsfjörð í hendur

Haustið 2012 kom út hjá Vestfirsku forlaginu bókina Vatnsfjörður í Ísafirði, þættir úr sögu höfuðbóls og kirkjustaðar eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur. Í bókinni er rakin saga Vatnsfjarðar frá upphafi norrænnar mannabyggðar fram undir lok 20. aldar. Þar sátu misvitrir höfðingjar á miðöldum og lærdómsmenn í prestastétt á seinni öldum. Er hún byggð á prentuðum sem óprentuðum heimildum og tekið mið af fornleifarannsóknum sem fram fóu á staðnum í mörg ár. Frumkvæði að bókinni átti síra Baldur Vilhelmsson, en hann sat síðastur presta í Vatnsfirði. Ritstjóri verksins var Torfi H. Tulinius prófessor, en í ritnefnd með honum voru þeir síra Baldur Vilhelmsson og Már Jónsson prófessor.

Myndin var tekin í nóvember 2012 er Hallgrímur Sveinsson, forleggjari, afhenti síra Baldri fyrsta eintak bókarinnar í Vatnsfjarðarstofu að viðstöddum nokkrum áhugamönnum. Í baksýn er frú Ólafía Salvarsdóttir, eiginkona síra Baldurs, en þá var hann kominn að fótum fram og var við rúm.

Ljósmyndar Ómar Smári Kristinsson.



Vestfirskur viljastyrkur, einbeitni og þrjóska!

Alveg eru þeir makalausir þessir blessuðu Vestfirðingar. Sjáið til dæmis ofurhlauparann hann Gunnlaug Júlíusson frá Móbergi á Rauðasandi. Í bók sinni, Að sigra sjálfan sig, sem Vestfirsku frolagið gaf út árið 2009, segir hann frá því að hann hafi byrjað sinn hlaupaferil 42 ára gamall, vel yfir 90 kíló að þyngd, reykti eins og strompur og skvetti í sig brennivíni öðru hvoru. Fyrir tilviljun byrjaði hann að æfa hlaup og er nú í hópi þekktustu langhlaupara í heimi hér. Fyrir þann tíma datt honum síst í hug að hann ætti eftir að leggja fyrir sig íþróttir að ekki sé nú talað um langhlaup og verða afreksmaður á heimsmælikvarða. Gunnlaugur segir að baráttan að því marki hafi ekki alltaf verið auðveld. Bætur svo við að fáir sigrar séu sætari en þeir sem maður vinnur yfir sjálfum sér.

Ágóði af sölu bókar Gunnlaugs, 300 þúsund kr. rann til Grensásdeildarinnar í Rvk. en þá stóð Edda Heiðrún Backman, leikkona, fyrir söfnun til að reisa nýtt fordyri o. fl. við spítalann.



Gunnlaugur ofurhlaupari áritar bækur fyrir Eddu Heiðrúnu á Grensásdeildinni 2009. Ljósmyndar Pálmi Sveinsson.



Komið í mark í Western State, 100 mílna hlaupi í Kaliforníu.

Hverjum var verið að borga, hve mikið og fyrir hvað?

Eitt það erfiðasta sem þessi litla þjóð glímir við er leyndarhyggjan í sambandi við peninga. Það má til dæmis ekki með nokkru móti segja frá því á eðlilegan hátt hverjum er verið að borga úr ríkiskassanum okkar, hve mikið og fyrir hvað. Um þetta eru að vísu gerðar opinberar áætlanir, fjárlög og hvað það nú heitir allt. En að farið sé eftir þeim er af og frá. En það má bara ekki fréttast fyrr en seinna. Slík hernaðarleyndarmál, top secret, liggja ekki á glámbekk. Það verður að draga þau út með glóandi tögum og dugar samt ekki alltaf.

Varðhundur kassans gera allt sem hægt er til að varna því að almenningur komist að því hvað þeir eru að aðhafast. Eitt aðal djögg alþingismanna okkar er að spyrja ráðherra hverjum var verið að borga, hve mikið og fyrir hvað. Þessi dæla gengur dag út og dag inn á Alþingi. Og ráðherrarnir fara undan í flæmingi. Það má alls ekki segja frá hvernig er verið að ráðstafa skattpeningum almennings á hverjum tíma. Það á bara að segja frá því síðar meir. Það er miklu betra. Svo eru settar á stofn rannsóknarnefndir sem kosta hundruð milljóna til að toga þetta út og tekur oft mörg ár. Þá eru gefnar út skýrslur sem enginn maður les, en fara beint ofan í skúffur. Slíkar kúnstir virka oft á venjulegt fólk eins og sárgrætilegur brandari.

Engum manni dettur í hug einfaldasta lausnin á málinu, sem er auðvitað sú að setja það klárt og kvitt í stjórnarskrá að allar fjárhagslegar skuldbindingar og greiðslur sem við koma ríkissjóði, hverju nafni sem nefnast, séu birtar jafnóðum og þær eiga sér stað. Hér mætti kannski hugsanlega undanskilja einhverja gerninga sem vörðuðu við þjóðaröryggi, ef þeir eru þá til á annað borð. Það mundi kannski friða einhverja sérfræðinga sem ekki geta hugsað sér að einfalda hlutina og hafa allt upp á borðum eins og stjórnálamenn okkar eru svo hrifnir af eða hitt þó heldur.

Nei. Leyndarhyggjan er það sem gildir þangað til mörgum árum eftir að hlutirnir eiga sér stað. Menntir virðast bara hafa frjálsar hendur og búið á punktum. Síst af öllu má upplýsa hvað sérfræðingarnir eru að fá greitt í verktakalaun og alls konar tilbúna hluti úr ríkissjóði. Þetta eru heilagar kýr. Launungin, sem er eitt alvarlegsta vandamál sem okkar litla og sundurþykka þjóð glímir við, skal áfram vera eitt aðal stjórnækið eins og verið hefur.

Bjarni G. Einarsson, Hallgrímur Sveinsson



Starfsfólk Landsbankans á Þingeyri fékk hrós dagsins

Á Alþjóðlega hrósdeginum 1. mars s. l. fékk starfsfólk Landsbankans undanfarnar vikur í útibúinu á Þingeyri hrós dagsins á Þingeyrarvefnum.

„Fjármagnseigendur“ í Dýrafirði eru eins og útspýtt hundsskinn að komast í afgreiðsu bankans á Þingeyri eina klukkustund í viku. Þar er oft þröng á þingi. Menntir þurfa að leggja inn, taka út, borga reikninga, senda peninga út úr landinu og allskonar. Starfsfólkið er með afbrigðum lipurt og með góða þjónustulund. Það er ekki þeim að kenna að stundum verða menn að gjöra svo vel og bíða í hálf tíma, þrjú korter. Þar er við aðra að eiga sem vita hvað er þjóðhagslega hagkvæmt og hvar á að spara.

Einn góður úr Suðurfjarðahreppi

Viðtal við bankastjóra

Friðrik Ólafsson á Bíldudal var bróðir Björns Ólafssonar, bónda í Dufansdal, og vel hagamæltur eins og hann. Friðrik var skipstjóri á rækjubát.

Frikki kom eitt sinn æðandi inn í Landsbankann á Bíldudal. Þá var þar bankastjóri Brynjólfur Þór Brynjólfsson, seinna bankastjóri á Ísafirði. Frikki vildi ræða við Brynka. Brynki bað hann bíða smástund því að hann var að ljúka við að vélrita skuldabréf. Frikki hlustaði ekkert á það og hélt áfram að rekja erindi sín. Brynki skipaði þá Frikka að þegja og setjast niður svo að hann þyrfti ekki að henda honum út. Frikki snerist á hæli, vék sér að gjaldkeranum og sagði:

*Mig bráðvantar viðtal við Binna,
en Binni er, eins og ég segi,
helvítis rokkur og hendir mér út,
nema haldi ég kjafti og þegi.*

Hallgrímur Sveinsson, Bjarni G. Einarsson, Guðmundur Ingvarsson

Erlendu ferðamennirnir:

Markvissar tillögur að vestan í hnotskurn

Almannarómur segir að það sé útilokað að við getum búið við þá happa-og glappaaðferð sem ríkir í dag við móttöku erlendra ferðamanna. Við höfum leyft okkur að leggja til að þeir greiði 5,000,- kr. í aðgangseyri, nokkurs konar Íslandsgjald. Fyrsta árið gerir það 5 milljarða króna miðað við eina milljón gjaldskyldra ferðamanna. Hvað á svo að gera við þessa peninga? Til dæmis þetta:

Nýtt verkefni fyrir hreppstjóra

Gömlu hreppstjóraembættin verði endurreist ferðafólki til aðstoðar. 100 hreppstjórar verði nokkurs konar svæðisumsjónarmenn. Þeir hefðu lögregluvald samkvæmt erindisbréfi. Gjörkunnugir og hæfir menn af báðum kynjum yrðu ráðnir í fullt starf eftir auglýsingu þar um. Lögreglustjórar eða sýslumenn yrðu yfirmenn þeirra. Þeir þyrftu að hafa lögreglustjörnu í barmi og hafa heimild til að sekta þá á staðnum sem ekki virða lög og reglur. Hreppstjórar gætu orðið mjög gagnlegir tengiliðir við ferðafólkið.

Áætlaður kostnaður á ári við 100 hreppstjóraembætti 1 milljarður.

Hreinlætisaðstaða

Byggð verði 50 lagleg hús á stöðum þar sem ekki eru hótél og veitingastaðir. Verði undir umsjón hreppstjóra. Þar verði svo mörg salerni sem þörf er á, sameiginlegt rými með vöskum, handklæðum, speglum, lítilli sölubúð með hreinlætisvörur og aðstöðu fyrir eftirlitsmann. Húsakostur verði boðinn út í heilu lagi. Rekstur einnig boðinn út. Ókeypis aðgangur fyrir alla!

Áætlaður stofnkostnaður 2,5 milljarðar, rekstur 500 milljónir. Alls 3 milljarðar.

Fræðsla og björgunarsveitir

Fræðsla um Ísland og hvað má og hvað ekki. Reyndir leiðsögumenn og ferðaskrifstofufólk sjái um þennan þátt.

Kostnaður, ósundurliðað = 500,000,000,-

- Björgunarsveitir sjái um fræðslu fyrir þá sem ætla sér að ferðast um hálendi landsins og aðra fáfarna staði.
- Alltaf í startholunum að vanda.
- Verði sýnilegar.
- Standi jafnvel vaktir á hættulegum stöðum í samráði við hreppstjóra og lögreglu.

Framlag, ósundurliðað = 500,000,000,-

Alls allur pakinn fimm milljarðar króna.

Í hnotskurn:

Hver á að borga brúsann? Ferðamennirnir sjálfir.

Hvenær? Við komu til landsins.

Hver á að rukka? Flugfélögin.

Ef þörf krefur verði sett lög um þetta frá Alþingi.



Stapinn á norðurströnd Arnarfjarðar. Þar er álfabyggð. Bryggjan þeirra til hægri. Hér munu margir ferðamenn staldra við. Ljósm. H. S.

Snaggaraleg gifting á Ströndum:

„Má kannski bjóða þér kaffibolla með prestinum, Franklín minn?“

Örstuttur kafli úr bókinni *Fyrir miðjum firði* eftir Jón Hjartarson, fyrrum fræðslustjóra. *Hispurlaus, sönn og stórskemmtileg bók. Vestfirská forlagið gaf út 2010.*

„Eitt sinn á miðjum slætti kemur sendimaður að Litlafjarðarhorni og gengur fyrir Franklín þar sem hann var að hjakka með orfi og ljá á túnskækli heima við bæ og segir að bróðir hans biðji hann að skreppa snöggvast heim að Stórafjarðarhorni, hann þurfi nauðsynlega að finna hann. Ekkert var getið um erindið en skilaboðin skýr svo ekki var um villst til hvers var ætlast. Franklín leggur frá sér orfið, stingur ljáodddinum í grassvörðinn og leggur af stað, veður Fellsá og Þrúðardalsá á vaði. Veðrið var gott svo blautir fætur sköðuðu ekki. Hann kemur í Stórafjarðarhorn og gengur inn eins og venjulega. Þegar hann opnar eldhúsdyrnar er þar kominn prestur og til stendur að gifta afa og ömmu. Franklín skyldi vera vígsluvottur.

Ekki fara neinar sögur af orðaskiptum nema að fljótlega hefur prestur að lesa giftingarrítualið. Á meðan prestur las stóð amma við eldhúsbord innst í eldhúsinu, afi fram við dyr með aðra hönd á húni, Franklín út við vegg og prestur á miðju gólfi. Um leið og prestur lauk lestrinum og brúðhjónin höfðu játað skilmálana eins og rítualið gerði ráð fyrir opnaði afi dyrnar með þeim orðum að best væri að drífa sig í heyskapinn, ekki veitti af að nota þerrinn. Eftir stóðu presturinn, Franklín og amma. Dyrnar lokuðust með skelli.

Vandræðaleg þögn grúfði yfir eldhúsinu þangað til amma hvíslar: „Má kannski bjóða þér kaffibolla með prestinum, Franklín minn.“ Þar sem þau sátu þrjú og drukku kaffið sást til afa út um eldhúsgluggann þar sem hann stikaði hraðstígur um flekkinn og rifjaði svo heygusurnar gengu hátt í loft upp í reglubundnum takti. Þegar Franklín hafði lokið við kaffibollann hélt hann til baka. Ekki urðu kveðjur með þeim bræðrum í þetta sinn og nokkur styttingur varð í samskiptunum lengi á eftir.“

„Best að drífa sig í heyskapinn.“ Teikning Ómar Smári Kristinsson.



Tveir góðir úr Auðkúluhreppi

Reyndar voru þær fjórar

Gestur kom á bæ nokkurn í Mosdal í Arnarfirði. Húsfreyjan hellti á könnuna og bakaði pönnukökur. Þegar gesturinn hafði innbyrt þrjár hvatti húsfreyjan hann til enn frekari dáða við pönnukökurnar.

„Þetta er eiginlega orðið gott, ég er búinn með þrjár.“

„Þær eru reyndar fjórar, en þér er alveg óhætt að fá þér fleiri. Hér er aldrei talið ofan í menn.“

Jóhannes á Kirkjubóli

Í þriðja hefti Vestfirskra sagna er sagt frá Jóhannesi Ólafssyni í Mosdal á yfir 40 síðum, en hann bar höfuð og herðar yfir alla galdramenn í Arnarfirði á 19. öld og þó víðar væri leitað. Hann notaði kunnáttu sína yfirleitt til að hjálpa fólki og hefur greinilega verið mikill húmoristi.

Kveðjur Jóhannesar.

Einu sinni veiktist kúr á bæ í grennd við Jóhannes. Héldu menn, að það mundi vera af óhreinum anda. Var nú leitað til Jóhannesar og hann beðinn að reka hinn illa anda út af kúnni. Jóhannes mælti, að farið skyldi í fjósið og kallað hátt þessum orðum: „Jóhannes á Kirkjubóli biður að heilsa kúnni.“ Þetta var gert, eins og hann mælti fyrir, og batnaði kúnni. (*Úr vestfirská þjóðsagnaarfnum*)

Þáttur úr sögu Hrafnseyrar:

Samræður í messukaffi

Það var á þeim árum þegar séra Kári Valsson var þjónandi prestur á Hrafnseyri. Síðla hausts boðaði hann til messu á staðnum, en þá var nýafstaðin hundahreinsun í hreppnum. Þá var hundahreinsunarmaður í Auðkúluhreppi Gunnlaugur Sigurjónsson bóndi á Tjaldanesi, en hundahúsið var þar í svokölluðu Grjótnesi og var það auðvitað þýðingarmikið að allir kæmu með hunda sína til hreinsunar.

Eftir embætti var öllum boðið í messukaffi, eins og lengi hefur tíðkast til sveita. Sátu þeir skammt hvor frá öðrum, Gunnlaugur og Hákon J. Sturluson bóndi á Borg í Arnarfirði, sem þá var með skegg niður á bringu. Teygði Gunnlaugur sig í áttina að Hákonni og ávarpaði hann á þessa leið:

„Þú komst ekki með hundinn, helvítið þitt.“

„O, það er nú langur vegur í skammdeginu frá Borg alla leið út að Tjaldanesi,“ svarar þá Hákon.

„Þú áttir nú að koma samt,“ sagði Gunnlaugur snöggur upp á lagið, beygði sig áfram og tók þéttingsfast í skeggið á Hákonni og rykkti í. Lauk svo þeim viðskiptum í messukaffinu, að menn urðu að ganga á milli.

(Sögn Ágústs Guðmundssonar frá Innri-Lambadal)



Matthías Bjarnason. Teikning Ómar Smári Kristinsson.

Tveir góðir frá Ísafirði:


Veðurtepptir þingmenn

Eitt sinn varð hópur þingmanna veðurtepptur á Hótel Ísafirði. Notuðu menn tímann til að gleðjast og efla félagsandann fram eftir nóttu.

Þegar leið á nóttina kom náttúran yfir framsóknarmennina og þeir spurðu féлага sína í hópnum, hvort það væru ekki neinar konur á þessu hóteli sem mætti ræða við pólitík. Matthías Bjarnason, sem þar var staddur, kvaðst ekki vita til þess að neinar konur væru á hótelinu sem hefðu áhuga á stefnu Framsóknarflokksins nema kannski þingmaður Kvinnalistsans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, sem þar dvaldi líka.

Ekki töldu Framsóknarmenn það árennilegan kost og supu nú áfram enn um stund með félögum sínum. Undir morgun stóð annar þeirra loksins upp, hristi sig allan í framan, girti belti sitt og spurði með glímuskjálfta í röddinni:

Á hvaða herbergi er Anna?



Brynjólfur Þór Brynjólfsson bankastjóri. Teikning Ómar Smári Kristinsson.

„Ég er af Ólsenættinni“

Brynjólfur Þór Brynjólfsson, fyrrum bankastjóri í Landsbankanum á Ísafirði og nú í Ólafsvík, þykir maður lítt snobbaður. Reyndar er fullvíst að Brynka hundleiðist snobbað fólk.

Eitt sinn sat Brynki bankastjóri ásamt Ragnheiði Jónsdóttur konu sinni í kvöldverðarboði á Hótel Ísafirði. Þar var líka mjög fin frú sem hélt ákafa tölu um ættgöfgi sína. Sagðist frúin vera skyld flestum finustu ættum landsins og nefndi til sögunnar Briemara, Maackara, Thorsara og fleiri. Viðstöddum var ljóst að Brynka leiddist þetta tal, lét sig ýmist síga undir borðið og góndi út í loftið eða skoðaði hnífapörin eins og hann hefði aldrei séð slíka gripi áður. Ragnheiður gaf bónda sínum olnbogaskot til merkis um að með þessu sýndi hann ekki kurteisi. Allt í einu reisti Brynki sig upp og sagði stundarhátt:

Ég er af Ólsenættinni.

Fína frúin ranghvolfdi augunum af hrifningu og sagði: Nei, hvað ertu að segja? Ertu skyldur þeim?

Brynki svaraði: Já, sko, afi minn – nei, ekki afi minn heldur langafi minn, var sko sjálfur Ólsen Ólsen.

(Úr vestfirsku þjóðsagnaarfinum)

Mikil aðsókn í sundlaugina á Þingeyri á hlaupársdaginn

Í morgun, 29. febrúar 2016, hlaupársdag, var feikna aðsókn í sundlaugina á Þingeyri. Milli 20 og 30 manns mættu í morgunsundið. Og allir með bros á vör. Umræðuefni hjá spekingunum var af margs konar toga að vanda. Til dæmis mottó dagsins: Arður á arð ofan. Og kennitölufлакkið. Menn lýsa sig gjaldþrota að morgni og eru svo komnir með nýja kennitölu að kveldi. Eins og að drekka vatn! Þetta er náttúrulega stórkostlegt.

Það þarf ekkert að kenna Íslendingum í sambandi við sund og þvott í sturtunni. En nú er komið upp úr kafinu að við þurfum að kenna útlendu ferðamönnunum að þvo sér áður en þeir ganga til laugar. Merkilegt.



Á árunum 1921-1931 var Viggó Nathanaelsson, hinn góðkenni Þingeyringur, fimleikakennari við Barnaskólann á Þingeyri. Hann tók upp á því að kenna börnum og unglingum sund í Skjólvíkurvör. Þessa mynd af brosandí blómárósum í köldum sjó tók Viggó sjálfur. (Sjá Mannlíf og sögu 5. hefti).



Þátttakendur á sundnámskeiði í Vaðlinum á Mýrum í Mýrahreppi, 1928 eða 1929 á vegum Ungmennafélags Mýrahrepps. Kennari var Valdimar Össurason. Hafði hann greitt 5 kr. til Þingeyrar fyrir lánið á tjaldinu sem sést á myndinni. Mynd úr fórum Kristínar Kristjánsdóttur. (Sjá Mannlíf og sögu 5. hefti).



Hinn nafnkunni morgunklúbbur í sundlauginni á Þingeyri. Þar eru margir spekingar innanborðs. Ekki verður annað sagt en nú séu breyttir tímar miðað við myndirnar frá Mýrum og úr Skjólvíkinni. Ljós. Kristján Ottósson.

GLEÐILEGA PÁSKA!



Vestfirská forlagið

Upp með Vestfirði!